

82

23. júl

4. gr.

Stjórn félagsins Ægis hefur á hendi stjórn sjóðsins. Henni ber að sjá um, að höfuðstóll sjóðsins sé ávaxtaður með lánunum gegn öruggum tryggingum, í fasteignum eða kaupum á góðum fasteignum til tryggingar gegn verðfalli peninga, svo og að tekjur sjóðsins séu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann að því leyti, sem þeim ekki er varið til styrkveitinga samkvæmt 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber um hver áramót að gera reikning um fjárhag sjóðsins fyrir ár það, sem þá er liðið, og skal sá reikningur endurskoðaður og úrskurðaður á næsta aðalfundi Ægis.

5. gr.

Þegar höfuðstóll er orðinn kr. 200000.00 má verja allt að öllum ársvöxtum hans og helmingi af árstíllögum til styrkveitinga.

6. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið félagsmenn í Ægi þegar þeir verða hjálparþurfi sökum veikinda, slysa eða ellilasburða, sömuleiðis geta ekkjur þeirra og eftirlifandi börn, sem hjálpar þurfa, notið styrks úr sjóðnum.

7. gr.

Styrki úr sjóðnum veitir 5 manna nefnd, og eiga sæti í henni félagsstjórnin og 2 aðrir félagsmenn, sem til þess eru kosnir á aðalfundi ár hvert. Um styrkveitingar skal sækja skriflega og þarf umsóknin að hafa borizt fyrir 1. desember ár hvert, en stjórn sjóðsins skal hafa kynnt sér hag og þörf umsækjanda og tekið ákvörðun um styrkveitingar fyrir árslok.

8. gr.

Fari svo að Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir leysist upp eða líði undir lok, skal styrktarsjóður þessi halda áfram að starfa undir þriggja manna stjórn, sem ráðherra skipar. Skal skólastjóri Stýrimannaskólans vera sjálfkjörinn í stjórnina og vera formaður hennar og skal sjóðurinn vera í vörzlu hans.

Sjóðinn ber að ávaxta eins og áður er fram tekið, og gjöfum til hans veitt mót-taka. Eftir hver áramót skal ráðherra gefin skýrsla um fjárhag sjóðsins.

Styrki úr sjóðnum má veita gömlum Ægis félögum, ekkjum þeirra og börnum, ef þeir eru hjálparþurfa. Á sama hátt má styrkja aðra innlenda skipstjóra og stýrimenn, ekkjur þeirra og eftirlátin börn. Enn fremur má styrkja fátæka og efnilega nemendur Stýrimannaskólans til framhaldsnáms eða ef um fjárhagsörðugleika er að ræða og rétt þætti að styrkja viðkomandi námssvein.

9. gr.

Eftir aðalfund Ægis ár hvert, sendir stjórn styrktarsjóðsins skýrslu um fjárhag sjóðsins síðastliðið ár til ráðherra, sem hefur eftirlit með að sjóðnum sé stjórnað samkvæmt framanskráðri skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt í Ægi í janúar 1959.

Auðunn Auðunsson,  
formaður.

Sigurjón Stefánsson,  
gjaldkeri.

Karl Magnússon,  
ritari.